

Vegagerðin í Borgarnesi

Efni: Áskorun til Vegagerðarinnar á Vesturlandi um aukið fjármagn í Klofningsveg nr. 590.

Í ljósi innspýtingar stjórnvalda í tengivegi á þessu ári viljum við, íbúar og hagsmunaaðilar á Fellsströnd og Skarðsströnd, koma eftirfarandi á framfæri.

Vegurinn fyrir Klofning hefur um áratugaskeið verið verulega sveltur um viðhald. Nú er svo komið að vegurinn er gjörsamlega orðinn ófær. Það hefur margoft verið farið fram á aukið fjármagn í veginn, bæði sveitastjórn Dalabyggðar og íbúar en ekki hlotið árangur erfiðis.

Við viljum benda á eftirfarandi atriðið:

- Veruleg fjölgun barna er á Fellsströnd, skólabílar aka þennan veg tvisvar á dag í 9 mánuði.
- Við Klofningsveg eru mörg stór bú, sauðfjár og kúabú. Mjólkurbílar aka þarna um tvisvar í viku allan ársins hring. Flutningur á aðföngum, svo sem fóður, áburður, olía fer um þennan veg en hann er engan veginn boðlegur fyrir slíka þungaflutninga. Þungaflutningar aukast verulega á haustinn þegar að fjárflutningar eru daglegir.
- Auk þessara búa eru fjöldinn allur af sumarbústöðum sem standa við veginn.
- Við veginn stendur eina hótelið í Dölum, gistiheimili, tjaldstæði auk smærri ferðaþjónustuaðila. Gestum sveitarfélagsins er ekki boðlegt að fara um þennan veg.
- Nú er búið að setja af stað samstarfsverkefni Vesturlandsstofu og Vestfjarðarstofu um Vestfjarðarleið en það verkefni á að kynna í haust, samfara opnun Dýrafjarðarganga. Þessi leið er hönnuð á þann veg að umferðin liggur fyrir Klofning og svo áfram á Vestfirðið. Það er því algjört forgangsverkefni að bót verði ráðin á Klofningsvegi til að þetta verkefni nái að blómstra. Svona verkefni getur verið gífurleg innspýting í styrkingu byggðarlagsins.

Í ljósi fenginna fjárveitinga, viljum við með bréfi þessu skora á Vegagerðina að hefja nú í sumar lagfæringar á Klofningsvegi.

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu var ekki safnað undirskriftum en haft var samband við alla íbúa og fékk undirrituð leyfi til þess að senda bréf þetta fyrir hönd alla íbúa og hagsmunaaðila.

Sigrún Hanna Sigurðardóttir
Lyngbrekku

Afrit: Sveitastjórn Dalabggðar